

Umhverfisstofnun
Áb. <i>TB</i>
06 AUG. 2004
54.20
Tilv. UST20030300155



**Umhverfisstofnun**

Umhverfisstofnun um ófarið og óskarð land

Stórhúsarstræti 24

101 Reykjavík, Iceland

Tel (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

Umhverfisstofnun@ust.is

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Matthildur Kr. Elmarsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

6. ágúst 2004

Tilvisun: UST20030300155/tb

### Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahreppi

Vegna breytinga á aðalskipulagi í Skútustaðahreppi samþykkti Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti með bréfi 11. desember 2003 að tillaga B dagsett 25. nóvember 2003 væri auglýst án þess að frekari umsagnar væri þörf af hálfu stofnunarinnar. Sú tillaga sem að endingu var auglýst og er dagsett 31. mars 2004 er töluvert frábrugðin fyrnefndri tillögu og í samræmi við tillögu A dagsettri einnig 25. nóvember 2003. Umhverfisstofnun hafði þá samþykkt á fundi að sú tillaga yrði auglýst en jafnframt hélt stofnunin sama fyrirvara og kemur fram í bréfi dagsettu 11. desember 2003 þar sem segir: „Ákvörðun þessi er ekki endanleg á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga um vernd Mývatns og Laxá nr. 36/1974 og mun stofnunin að loknu auglýsingaferli skipulagsáætlunarinnar taka endanlega ákvörðun samkvæmt framangreindri lagagrein.“

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu nr. 97/2004 sem taka gildi 1. október 2004 segir í ákvæði til bráðabirgða II: „Umhverfisstofnun skal þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga þessara en eigi að síður er mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lifriki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða.“

Umhverfisráðherra skal við gildistöku laga þessara tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áfórmad er að friðlýsa samkvæmt framangreindu.

Að öðru leyti skal um friðlýsingu þessara svæða fara eftir ákvæðum náttúruverndarlagu, nr. 44/1999. Skal friðlýsingu samkvæmt ákvæði þessu vera lokið fyrir 1. janúar 2008.“

U.S.T.

Umhverfisstofnun getur fallist á framangreinda breytingu á aðalskipulagi  
Skútustaðahrepps að því undanskildu að stofnunin gerir fyrirvara við að þau svæði sem sýnd  
eru sem hverfisverndarsvæði á uppdrætti dagsettu 31. mars 2004 þurfa ekki að vera þau  
sömu og stofnunin telur að eigi að friðlýsa samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum nr.  
97/2004.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson

  
Árni Bragason